

20.10. 2016

Fundur með foreldraráði og foreldrafélagi Akrasels kl.19:30

Mættir ;Telma, Laufey, Lilja, Elsa, Lísbet, Sara, Gréta, Anney og Guðrún sem ritaði fundagerð. Sjonni og Kristín boðuðu forföll.

Anney kynnti hlutverk foreldraráðsins og foreldrafélagsins.

Foreldraráð

Í leikskólum skal vera starfrækt foreldraráð og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að stofnun þess og kosningu í ráðið. Foreldraráð er skipað a.m.k. þremur foreldrum og skal kosning fara fram í september ár hvert og kosið til eins árs í senn. Ráðið setur sér starfsreglur sem það vinnur eftir og ber leikskólastjóra að vinna með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs leikskóla er eftirfarandi:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi

Í því eru ; Lilja Sigríður Hjaltadóttir, Telma Helgadóttir og Margrét Þóra Jónsdóttir (Gréta)

Foreldrafélag

Í 10. grein laga um leikskóla kemur fram að leikskólastjóri skuli stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að leiðarljósi. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags hjálpar leikskólastjóri við það.

Í því eru ; Sigurjón Jónsson(Sjonni), Kristín Minney Pétursdóttir, Sara Karlsdóttir, Lísbet Sigurðardóttir; Laufey Vattar Baldursdóttir, Elsa Jóna Björnsdóttir.

Sveitaferð

Akrasel hefur farið að Bjartaeyjarsandi í maí ár hvert. Við höfum verið að fá ábendingar vegna rútufurða og aðbúnaðar í sveitinni. Anney sagði að við ráðum ekki við aðstæður í sveitinni og beltin í rútunum eru ekki gerð fyrir börn. Rætt var sú hugmynd hvort það væri komin tími að sveitaferðirnar væru á höndum foreldra /

stjórnar foreldrafélagsins og væri þá farið í sveitina á laugardegi. Nokkrir í stjórninni þekkja það fyrirkomulag úr R.v.k. en margir leikskólar hafa farið að Grjóteyri í Mosfellsdalnum það sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Fram kom að foreldrar hefðu gjarnan viljað fara með í sveitaferð. Stjórn foreldrafélagsins mun taka að sér skipulagningu og kynningu fyrir aðra foreldra eftir næsta fund í janúar.

Útskriftaferð

Útskriftaferðin hefur verið farin í Skorradalinn – tímarnir hafa breyst og meiri kröfur nú gerðar til aðbúnaðar og öryggis heldur en áður fyrr. Það er komið að miklu viðhaldi í Skorradal og nú er komin sá tímamarkur sem við verðum að endurskoða hlutverk okkar sem leikskóla, fyrir hvern er ferðin á ábyrgð hvers og rekstrarkostnaður. Það var mikil umræða og skýr vilji foreldra til þess að halda þessu áfram einnig fullur skilningu á umræðunni og stöðu okkar.

Við komumst ekki að niðurstöðu að svo stöddu því við viljum einnig vera í samvinnu og góðu sambandi við skólaskrifstofu og aðra leikskóla.

Við ræddum einnig aðra möguleika á útskriftarferð, það er ýmislegt hægt að gera til skemmtunar annað en gistinótt.

Sýningar og aðrar upptökur í leikskólanum.

Anney spurði hvort foreldrum finnst of mikið af viðburðum í leikskólanum þar sem foreldrar koma og eru með börnunum sínum. Við erum með morgunmat á bóndadaginn og konudaginn. Einnig er boðið uppá kaffi seinnipart í kringum 16.nóvember á degi ísl. tungu en þá á **MOISE** afmæli. Við greiðum skólagjöldin fyrir Moise hann býr í SOS barnaþorpi á Fílabeinsströndinni. Þá eru myndverk barna seld til þess að eiga fyrir skólagjöldum. Foreldrar eiga forkaupsrétt á myndum barna sinna ;o)

Það var samdóma álit að byrja eða enda daginn í leikskólanum í stað þess að fá að fara úr vinnu á miðjum degi. Einnig kom fram að það væri alveg nóg af upptökum það þyrfti ekki að bæta við.

Jólasýning

Félagið á pening fyrir jólaleiksýningu í ár. Eina auglýsingin sem hefur borist er frá Þórdísi Arnljótsdóttur leikara en hún er með „leikhús í tösku“ . Ef við fáum ekki fleiri auglýsingar á næstu dögum þá munum við hafa samband við hana.

Jóga í stað jólaföndurs í nóv.- des.

Foreldrum leist almennt vel á þá breytingu en færa tíman hjá yngstu börnunum yfir á helgi þau voru mjög þreytt og illa fyrir kölluð eftir leikskóla. Hugmyndin er að bjóða þeim að koma í jóga á laugardagsmorgni kl.10 og 11. Það getur eitt foreldri verið með

barninu í jóga inni í sal en báðir foreldrar geta verið með í kakó og smákökum inni á deild á eftir.

Ef foreldrar hafa aðra hugmynd þá er hjartanlega velkomið að nota leikskólann fyrir uppákomur fyrir börn og foreldra í Akraseli.

Sumarhátíð

Anney kynnti hugmynd frá deildarstjórum þar sem stungið er uppá því að hafa sumarhátíð í júní fyrir sumarlokun í stað þess að vera með sumarhátíðina 8.ágúst á afmælisdegi leikskólann. Haldið verður uppá afmæli leikskólans með börnunum á afmælisdaginn. Foreldrum fannst það vel til fundið og skemmtilegt þá geta elstu börnin verið með og hátíðin skarast ekki við aðlögun eins og í ár.

Gjaldið í foreldrafélaginu

Það eru allir í foreldrafélaginu en gjaldið er 3000. Kr, pr heimili + bankakostnaður, ákveðið að halda gjaldinu óbreyttu. Rukkun send út í nóvember með gjaldaga í mars.

Starfsáætlun leikskólans

Foreldraráðið fékk til umsagnar starfsáætlunina, starfsmenn eru að skoða grænfánavinnuna og umhverfissáttmálann hann stendur óbreyttur í starfsáætluninni. Umsókn um fjórða grænfánann fer frá okkur í janúar – febrúar. Eins og er, er lögð áhersla á lífbreytileika í grænfána vinnu þessa starfsárs.

Bréf frá foreldrum barna til bæjaryfirvalda

Áskorun til bæjaryfirvalda um að breyta inntökureglum. Anney kynnti inntöku og fjölda barna á deildum, hugmyndir af aldursblönduðum deildum. Það þarf að skoða hvort við höfum blandaðan aldur á öllum deildum, en margt breytist ef það breytast inntökureglurnar en núna er verið að taka yngsta árganginn inn að hausti.

Hingað til höfum getað haft elstu deildar aldurshreinar en við sjáum ekki að það gangi upp á komandi árum vegna þess að síðastliðin þrjú ár höfum við fengið inn 36-38 börn að hausti. Það þýðir að við verðum að blanda árgöngum því það er ekki hægt að hafa svo mörg börn á deild. Og ef við skiptum þeim þá eru þau of fá miðað við húsrými. Sanngjarnast er að skipta hverri deild þannig að það sé jafnt hlutfall barna á þremur deildum. Annað hvert ár er barn með eldri og annað hvert ár með yngri.

Önnur mál

- ✓ Það kom upp sú hugmynd að hafa fatakassa í fataherbergjum barnanna Fatakassi þar sem foreldrar geta komið með föt og fengið föt. Þannig stuðlum

við að endurnýtingu og ákveðinni hjálpsemi við hvert annað. Grundvöllurinn er að foreldrar komi með föt til gjafar. Markaðurinn yrði í nóvember og febrúar. Þetta fellur vel inni í endurnýtinguna, samfélagsvinnuna okkar og hjálpsemi !
☺

- ✓ Mánudaginn 24.okt. á kvennafrídaginn ætlar hópur af starfsmönnum að ganga út kl.14:38 og fara á samstöðufund á Austurvelli kl.15:15. Vel var tekið í þetta en við munum senda út tilkynningu þar sem við óskum eftir því að feður, afar, bræður og frændur komi og sæki börnin snemma í leikskólann þennan dag.
- ✓ Anney gefur upp nöfn þeirra sem eru í foreldrafélaginu til Skagaforeldra.
- ✓ Fundur verður fljótlega með öllum foreldraráðsfulltrúum í leikskólum Akraness.
- ✓ Það kom ábending um það að kynna / samræma á öllum deildum að börnin komi með aflmælissögu á afmælisdaginn þar sem sagan er lesin upp fyrir alla í afmælisstundinni.
- ✓ Litadagarnir eru mjög margir og mætti fækka þeim. Börnin hafa val um hvort þau mæti í fötum í réttum litum eða ekki en deildarnar skreyta hjá sér í þeim lit sem verið er að fagna hverju sinni. Þetta verður skoðað með deildastjórum.
- ✓ Fyrirspurn hvort hægt væri að fá punkta af foreldraviðtölum í möppu barnsins sem fer svo heim í lok leikskólagöngu. Það er í boði en foreldrar verða sjálfir að óska eftir þessum gögnum.

Fundargerðin verður send út.

Næsti fundur verður í janúar.

Ekki fleira gert fundi slitið kl.21:30

Guðrún Bragadóttir